

Greinargerð

Athugasemdir við áfanga – og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011-2015

Formáli

Áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011-2015 var kynnt opinberlega frá 2. nóvember 2011 til 3. maí 2012. Var það gert samkvæmt a-lið 27 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Á kynningartímanum gafst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að gera athugasemdir við áætlunina. Er hér gerð grein fyrir athugasemdum sem hafa borist og hvernig brugðist var við þeim. Í mörgum tilvikum voru gerðar breytingar á áfanga- og verkáætluninni í samræmi við framkomnar athugasemdir.

Inngangur

Drög að áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar voru unnin af Umhverfisstofnun. Þegar frumdrög lágu fyrir var þann 20. júlí 2011 óskað í tölvupósti eftir skriflegu álitum frá nokkrum stofnunum sem talið var að gætu lagt eitthvað til málanna. Þessar stofnanir voru Veðurstofa Íslands, Háskóli Íslands, Orkustofnun, Skipulagsstofnun, Hafrannsóknastofnunin, Veiðimálastofnun, Náttúrufræðistofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Athugasemdir við frumdrögin bárust frá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Veiðimálastofnun og Veðurstofu Íslands og voru þær hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við drögin.

Endanleg drög að áfanga- og verkáætlun lágu fyrir um mánaðarmótin október/nóvember og hófst þá 6 mánaða opinber kynning þeirra. Á meðan á henni stóð var hægt að nálgast drögin á heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.umhverfisstofnun.is) þar sem auk þess voru leiðbeiningar um hvernig ætti að skila inn athugasemdum. Á forsiðu heimasíðunnar voru settir borðar til að draga athygli að áætluninni. Einnig var fjallað um hana undir slóðinni www.vatn.is sem sett var upp á kynningartímanum í þeim tilgangi að fjalla um málefni tengd stjórn vatnamála. Á fyrstu síðunni sem sú slóð vísar á var sérstakur texti til kynningar á áætluninni. Þá var áætlunin auglýst fimm sinnum í skjáauglýsingum í ríkissjónvarpinu í apríl mánuði auk þess sem hún var bæði kynnt á Facebook síðu Umhverfisstofnunar og send fjölmiðlum.

Í upphafi kynningarinnar (3. nóvember 2011) var fjölmörgum aðilum send tilkynning í tölvupósti um kynninguna með upplýsingum um hvar drögin að áætluninni væri að finna. Þar var aðallega um að ræða þá fulltrúa stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila sem eru á lista áfanga- og verkáætlunarinnar yfir tengiliði vegna stjórnar vatnamála (þáverandi viðauki I) auk ráðuneytanna. Þann 18. apríl voru sömu aðilar svo minntir á að fresturinn til að skila inn athugasemdum væri senn liðinn.

Á kynningartímanum bárust viðbrögð frá 7 aðilum. Þrjár gerðu engar athugasemdir, einn kom með eina ábendingu, einn með gagnrýni á vinnubrögð stjórnvalda og tveir með allnokkrar athugasemdir og ábendingar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir framkomnum athugasemdum um drögin, mati Umhverfisstofnunar á þeim og nokkrum helstu breytingum sem í kjölfarið voru gerðar á áfanga- og verkáætluninni.

Athugasemdir og viðbrögð við þeim

Svör bárust frá eftirtöldum aðilum vegna óska um athugasemdir og ábendingar.

Borgarbyggð	Engin athugasemd
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	Engin athugasemd
Landssamband smábátæigenda	Engin athugasemd
Ása Hólmarsdóttir	Ein athugasemd
Bláskógabyggð	Ein athugasemd
Veiðimálastofnun	Allmargar athugasemdir
Veðurstofa Íslands	Allmargar athugasemdir

Framkomnum athugasemdum er raðað saman eftir efnisatriðum og er fjallað um þær þannig.

I. Fyrirkomulag og skipulag vinnu við stjórn vatnamála

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerði eftirfarandi athugasemd, (bókun):

Lögð fram drög að áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011 – 2015.

Byggðaráð Bláskógabyggðar lýsir yfir undrun sinni á fyrirkomulagi og skipulagi þessarar vinnu. Ljóst er að með þessu verkefni er verið að gera mun ítarlegri kröfur og greiningu en gert er ráð fyrir með tilskipun Evrópubandalagsins. Byggðaráð gagnrýnir þetta vinnulag íslenskra stjórnvalda og telur eðlilegra að miða þessa vinnu við þær aðstæður sem við búum við á Íslandi en ekki gera meiri kröfur en tilskipun EU gerir ráð fyrir, enda er hún sett vegna aðstæðna hjá þéttbýlum löndum á meginlandi Evrópu.

Athugasemdin beinist að því að meiri kröfur séu gerðar héraendis en vatnatilskipun ESB krefst. Ekki er skýrt hvaða kröfur og greiningu átt er við og engin bein skírskotun er til efnislegra atriða í drögunum. Athugasemdin virðist beinast að túlkun laga nr. 36/2011 og reglugerða á sviði stjórnar vatnamála á kröfum vatnatilskipunarinnar á þessu sviði. Í ljósi þessa er ekki um að ræða breytingar á áfanga- og verkáætlun vegna athugasemdarinnar. Athugasemdin er því beint til hlutaðeigandi aðila.

Eftirfarandi athugasemdir eru frá Veiðimálastofnun og Veðurstofu Íslands. Athugasemdir Veiðimálastofnunar eru einkenndar með rauðu lettri en Veðurstofu Íslands bláu.

Skipulag, efnistöð og framsetning

Veiðimálastofnun: Á bls. 6 í áfanga- og verkáætlun er markhópi áætlunarinnar lýst sem „öllum sem hafa áhuga á vatni og ástandi þess, m.a. þátttakendum í vatnaráði, vatnasvæðisnefndum og ráðgjafarnefndum fagstofnana og eftirlitsaðila og hagsmunaaðila, heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa, sveitarstjórnamanna, meðlima umhverfissamtaka og annarra hagsmunasamtaka, s.s. veiðifélaga og stangveiðifélaga, starfsmanna fiskeldisfyrirtækja, fagstofnana og orkufyrirtækja, landeigenda og veiðiréttarhafa auk annarra áhugasamra landsmanna.“ Veiðimálastofnun bendir á að ofangreind áætlun ber þess merki að vera ætluð annars vegar almenningi og hins vegar fagstofnunum sem eiga að vinna eftir henni, enda er hún fullitarleg og illlæsileg fyrir almenning en ekki nógu ítarleg fyrir þær fagstofnanir sem eiga að vinna eftir henni.

Veðurstofa Íslands: Áfanga- og verkáætlun er grunnur að ágætu yfirliti um tilgang og markmið laga um stjórn vatnamála og reglugerða þar að lútandi. Skýrslan reynir að þjóna afar ólíkum notendum og einkennist af því. Markhópurinn mætti vera skýrari, það myndi auðvelda framsetningu efnisins. ...

... Veðurstofa Íslands telur að niðurskipan þátta sé ekki í nægilega rökréttu samhengi til þess að hún nái að setja fram skilmerkilega og skýra heildarmynd.

Veðurstofa Íslands telur æskilegt að skýra þá vinnu sem mótast grunneiningar tilskipunarinnar, þ.e. afmörkun vatnshlota, greiningu í gerðir og eiginleikagreiningu vatnshlota, áður en fjallað er ítarlega um flokkun þeirra.

Umhverfisstofnun telur það gefa betri yfirsýn yfir vatnastjórnunarkerfið að byrja á að útskýra hvernig kerfið mun virka eftir að því hefur verið komið á en fjalla síðan um verkliðina sem eru nauðsynlegir til að koma því á. Því er fjallað um gæðaflokkunina áður en kemur að umfjöllun um önnur verkefni. Það er ekki ósvipuð framsetning þeirri sem er í lögum um stjórn vatnamála og í reglugerð nr. 535/2011.

Ekki er því talin þörf á að endurraða skýrslunni í því skyni að bæta rökrétt samhengi svo heildaryfirsýn fái enda er vikið frá tæknilegri framvindu verkefnisins einmitt í þeim tilgangi að auka möguleikann á yfirsýn sem fyrst við lesturinn.

Skipulag, efnistöð og framsetning áætlunarinnar mótast af hinum fjölbreytta markhópi sem hún beinist að. Gengið er út frá því að hana muni þó fyrst og fremst lesa þeir sem áhuga hafa á að kynna sér verk- og tímaáætlunina og verkliði hennar. Fyrir almenning og aðra sem ekki hafa þegar mikla þekkingu á efninu var nauðsynlegt að draga upp skýrar línur og fjalla um meginatriði til að heildaryfirsýn fái en um leið að gefa kost á afla ítarlegri innsýnar í einstök framkvæmdaratriði. Þegar fjallað er um meginatriði þessa fyrirkomulags vatnastjórnunar í kaflanum **Meginatriði vatnsstjórnunarkefnisins** er því mestu af vinnulagi og útfærsluatriðum einstakra verkliða við innleiðinguna sleppt. Einungis er þar fjallað ítarlega um gæðaflokkunina sjálfa og forsendur hennar. Fyrir þá sem að einhverju leyti koma að framkvæmd vinnunnar og þá sem vilja vita meira eða hafa áhuga á að kynna sér ítarlegar verklagið á framkvæmdinni er gerð grein fyrir framkvæmd einstakra verkliða í kaflanum þar fyrir aftan, **Verkefni og aðgerðir á innleiðingartímanum**. Þessi kafli er enn fremur hugsaður til að hægt sé að glöggva sig á einstökum verkliðum sem koma fram í tímaáætluninni aftan við hann. Til að auðvelda þeim lesturinn sem litla þekkingu hafa á efninu og vilja aðeins sjá tímasetningar var í inngangshluta þessa kafa bent á að í kaflanum væri fjallað fremur ítarlega um verkefni og að þeir sem ekki ætluðu sér að kafa djúpt í þau gætu farið beint í kaflann um tímaáætlunina.

Í töflu í kaflanum **Tímaáætlun áfanga og verkþátta** er hin eiginlega áætlun í plagginu. Þar voru einstakir áfangar og verkþættir settir upp í rökrétta framkvæmda og tímaröð í þeim tilgangi að gefa skýra yfirsýn yfir verkefnið.

Verkefnið sem gerð er grein fyrir í áfanga- og verkáætluninni er umfangsmikið og flókið og undan þeirri staðreynd verður ekki vikist fyrir þá sem vilja setja sig inn í það. Það er ekki talið líklegt að aðrir en þeir borgarar sem áhuga hafa á því muni kynna sér það. Það er því talið mikilvægt að í plagginu sé á sem auðveldastan hátt hægt að kynna sér bæði meginatriði verkefnisins og tímaáætlunina en auk þess framkvæmd einstakra verkliða, sérstaklega þeirra sem tímaáætlunin nær til. Umhverfisstofnun

hefur lagt drög að gerð kynningarefnis um afmarkaða þætti verkefnisins þar sem höfðað er til þrengri markhópa en hér er gert.

Um skilgreiningu/afmörkun vatnshlota og skiptingu/flokkun í gerðir og skilgreiningu flokkunarkerfis fyrir gerðarflokkunina er fjallað fremst í kaflanum **Verkefni og aðgerðir á innleiðingartímanum**. Umhverfisstofnun telur frekari skýringar á vinnu vegna þessara verkþátta óþarfa í þessu samhengi og telur að þessum atriðum hafa verið gerð nægilega ítarlega skil í drögum.

Veiðimálastofnun telur æskilegt að fara enn lengra með það sem fram komi á bls. 24 um ítarlegri umfjöllun um verkefni framundan, með því að skilja hana í tvennt svo þjóna megi betur þessum ólíku markhópum, þ.e. annars vegar almenningi og hins vegar fagstofnunum.

Veðurstofan telur æskilegt að ganga lengra með þá ágætu hugmyndafræði sem fram kemur á bls. 24 í áætluninni og skipta áætluninni í yfirlitshluta og ítarlegri hluta.

Áfanga- og verkáætluninni var ekki ætlað að vera leiðbeiningarrit um framkvæmd vinnu við stjórn vatnamála. Henni er hins vegar ætlað að setja fast hvað á að gera og hvenær en um leið vera vegstika um þá megináfanga og verkliði sem þar eru útskýrðir. Sá hluti almennings sem ekki hefur áhuga á efninu er ekki markhópur áætlunarinnar. Það er þó full ástæða til að ná einnig til þess hluta. Umhverfisstofnun hyggst vinna upplýsingaefni upp úr áfanga- og verkáætluninni og öðrum tiltækum plöggum, sérstaklega ætlað þeim sem skortir áhuga á að kynna sér málið af sjálfsdáðun. Væntanlega verður um að ræða fræðsluefni með einföldum texta og uppsetningu sem skírskotar m.a. til mikilvægis vatnsauðlindarinnar og almennra umhverfissjónarmiða.

Veiðimálastofnun benti á að málfar í áætluninni sé stundum þungt í lestri, ósamræmis gæti í hugtakanotkun og töluvert sé um endurtekningar. Mikilvægt sé að yfirfara hana í heild sinni með því markmiði að einfalda málfar, skýra texta og gæta samræmis í notkun á hugtökum enda séu mörg ný og því auðvelt að ruglast á þeim.

Veðurstofan telur að texti skýrslunnar sé á köflum alltyrfinn og fremur stofnanalegur og því hætta á að upplýsingin missi marks sem kynning fyrir almenning og hagsmunaaðila. Sumir kaflar séu mun ítarlegri en aðrir og gæti þar ákveðins ósamræmis. Æskilegt væri að einfalda, bæta og skýra textann, sem og samræma vægi innan hans. Nokkuð sé um endurtekningar, sem dæmi megi nefna að fram komi á allnokkrum stöðum hver sé markhópur þessarar áætlunar.

Umhverfisstofnun hefur yfirfarið texta áætlunarinnar m.t.t. ábendinganna. Ekki voru þó kaflar umskrifaðir eingöngu vegna þess að þeir kunni að vera misítarlegir en einstaka efnisatriði stundum sleppt ef það truflaði ekki samhengið.

Efnislegar ábendingar

Veiðimálastofnun: Á bls. 16 undir fyrirsögninni „Innleiðingar- og framkvæmdatímabil“ kemur fram að „í stuttu máli gangi lög um vatnastjórnun og vatnatilskipunin út á að fyrir árið 2016 skuli gera vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun fyrir allt landið“.

Veiðimálastofnun bendir á að lögin ganga ekki út á að búa til ofangreindar áætlanir heldur að

vernda vatnsauðlindina og til þess þarf bæði að búa til vatnastjórnunarkerfi og setja fram áætlanir.

Veðurstofa Íslands: Nokkrar efnislegar villur fundust í textanum sem mikilvægt er að bæta úr. Dæmi¹:

Innleiðingar og framkvæmdatímabil, bls. 16. *Í stuttu máli ganga lög um vatnastjórnun og vatnatilskipunin út á að fyrir árið 2016 skuli gera vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun.*

Áætlanir eru tæplega tilgangur laganna þó þær séu góð verkfæri til þess að ná markmiðum þeirra. Lagt er til að setningunni verði breytt þannig: Til þess að ná fram markmiði um gott ástand vatns í samræmi við lög um stjórn vatnamála skal fyrir árið 2016

(Tvö dæmi voru gefin í umsögn Veðurstofu Íslands. Fjallað verður um seinna dæmið aftar)

Ekki var verið að koma því þarna á framfæri hvert markmiðið með notkun stjórnkerfis vatnamála væri heldur eingöngu almennt út á hvað lögin og tilskipunin gengju. Hlutverki laganna um stjórn vatnamála hafa þegar verið gerð skil í formála áætlunarinnar. Umhverfisstofnun lítur svo á að viðkomandi texti lýsi því nokkuð vel í fáum orðum út á hvað löggjöfin gengur þótt alltaf megi deila um hvaða atriði ætti að tína til í svo knöppum stíl. Ekki er því talin þörf á orðalagsbreytingu vegna athugasemdanna.

Veiðimálastofnun: Á bls. 36 er fjallað um verklið sem kallast „eiginleikalýsing vatnshlota“. Þar stendur orðrétt:

„Í lýsingu á eiginleikum felst að taka ákvörðun um skilgreiningarþætti (lýsa) og flokkunarkerfi fyrir gerðir vatnshlota og skiptingu vatnshlota í gerðir. Lýsingin tekur einnig til mats á álagi af starfsemi manna og áhrifum þess á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og síðan flokkunar yfirborðsvatnshlota í þrjá flokka með tilliti til þess hversu líklegt sé að vatnshlotið muni uppfylla umhverfismarkmiðið. Að síðustu tekur eiginleikalýsingin til efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun. Upphafleg eiginleikalýsing mun fara þannig fram að hópar vatnshlota verða greindir saman allstaðar þar sem því verður við komið.

Veiðimálastofnun lítur svo á að með eiginleikum vatnshlota sé átt við sérkenni þeirra, s.s. efnafræði- og líffræðileg. Því telur stofnunin villandi að nota hugtakið „eiginleikalýsing vatnshlota“ yfir mat á álagi af starfsemi manna og yfir efnahagslega greiningu á vatnsnotkun. Fimmta grein vatnatilskipunar Evrópu fjallar um eiginleikagreiningu vatnasviðs, yfirlit yfir umhverfisáhrif af mannavöldum og efnahagslega greiningu vegna vatnstöku. Þó að þar sé fjallað um þessa liði undir sömu lagagrein er um þrjá aðskilda verkþætti að ræða. Veiðimálastofnun telur því mikilvægt að greina á milli þessara þriggja verkþátta; 1. eiginleikagreining yfirborðsvatnshlota, 2. mat á áhrifum álags og 3. efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar.

Hugtakið eiginleikagreining er í drögnum notað sem samheiti yfir verkliðina skipting vatnshlota í gerðir, efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar, álagsgreining og mat á áhrifum álags á ástand, áhættuflokkun og frekri lýsingu vatnshlota. Um þessa liði er fjallað í sérstökum undirköflum í kaflanum **Verkefni og aðferðir á innleiðingartímanum**, alla nema frekari lýsingu vatnshlota sem

¹ Fjallað verður um seinna dæmið aftar.

einungis er skýrð lítillga í undirkaflanum **Mat á áhrifum álags og hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum**. Það mun ekki hafa efnisleg áhrif á þessa verkliði hvort þeir eru flokkaðir saman sem eiginleikalýsing eða ekki og fellst Umhverfisstofnun á að kalla þessa þætti ekki eiginleikalýsingu. Textanum verður breytt til samræmis.

Veiðimálastofnun: Á bls. 36 er fjallað um skiptingu vatnhlota í gerðir. Veiðimálastofnun bendir á að stofnunin kemur að þeirri vinnu ásamt Veðurstofu Íslands með því að kanna tengsl milli líffræðilegra gæðabáttá og fyrirhugaðra lýsa.

Umhverfisstofnun hefur lagað textann til samræmis.

Veðurstofa Íslands: Frumflokkun á vistfræðilegu ástandi, bls. 27. Hvað er átt við með því sem fram kemur í þessum lið? eru allir sérfræðingar á sömu skoðun hvað þetta varðar? Þá er einkum átt við það að:

... á undanförnum árum hafa nokkrar ár og stöðuvötn verið flokkað af heilbrigðisnefndum m.t.t. mannlegra áhrifa. Flokkunin er byggð á ákvæðum um umhverfismörk í reglugerð um varnir gegn mengun vatns . Á fyrsta tímabilinu þegar verið er að innleiða nýja stjórnkerfið er ætlunin að gera frumflokkun á vistfræðilegu ástandi þeirra vatnshlota sem þegar hafa verið flokkuð á grundvelli reglugerðar um varnir gegn mengun vatns ... Að öðru leyti verður formleg flokkun ekki gerð fyrir en eftir 2015.

Veiðimálastofnun: Á bls. 27 undir fyrirsögninni „frumflokkun á vistfræðilegu ástandi“ stendur eftirfarandi:

„Á fyrsta tímabilinu þegar verið er að innleiða nýja stjórnkerfið er ætlunin að gera frumflokkun á vistfræðilegu ástandi þeirra vatnshlota sem þegar hafa verið flokkuð á grundvelli reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. [...] Að öðru leyti verður formleg flokkun ekki gerð fyrir en eftir 2015.“

Veiðimálastofnun bendir á að í þeirri flokkun er hvorki horft til mismunandi gerða yfirborðvatnshlota né líffræðilegra gæðabáttá sem eru grundvöllur hins nýja stjórnkerfis í vatnamálum. Það liggur því ekki ljóst hvernig verður hægt að tengja þessi tvö kerfi beint saman á einfaldan hátt.

Á bls. 27 kemur fram að frumflokka eigi vatnshlot samkvæmt viðmiðum í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingum. Umrædd flokkun er í samræmi við 6. gr. rgl. nr. 535/2011 skal m.a. byggja á ákvörðun á náttúrulegu ástandi vatnshlota þar sem vötn hafa þegar verið flokkuð skv. rgl. nr. 796/1999. Þegar að þessu kemur verður gerðarflokkun lokið og því hægt með breytingu á reglugerðinni um varnir gegn mengun vatns að aðlagða umhverfismörk hennar að þeim gerðunum vatnshlota sem skilgreindar verða. Þangað til gildir eldri flokkunin. Það á því ekki að þurfa að vera ósamræmi á milli kerfa, aðeins hið nýja verður notað þegar ný flokkun hefst. Við frumflokkunina er eingöngu gert ráð fyrir að styðjast við þá gæðabætti sem koma fram í reglugerðinni. Þeir eru flestir eðlis- og efnafræðilegir í dag en þegar vinnu við ákvörðun viðmiðunaraðstæðna og viðmiða fyrir líffræðilega gæðaflokka er lokið væri einnig hægt að gera grein fyrir þeim í reglugerðinni.

Umhverfisstofnun mun taka mið af athugasemdinni og reyna að gera lýsinguna skýrari í texta áætlunarinnar.

Veiðimálastofnun: Á bls. 40 er undirfyrirsögnin: „*Skilgreining viðmiðunaraðstæðna og aðstæðna*“. Veiðimálastofnun leggur til að fyrirsögn og tilheyrandi texta verði breytt á eftirfarandi hátt til einföldunar:

Skilgreining viðmiðunaraðstæðna

Fyrsta skrefið í gerð flokkunarkerfis fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota er skilgreining gerðarsértækra viðmiðunaraðstæðna fyrir valda líffræðilega gæðabætti sem og aðra ólífræna gæðabætti sem styðja lífríkið. Viðmiðunaraðstæður eru vistfræðilegar aðstæður sem gert er ráð fyrir við mjög gott ástand. Gert er ráð fyrir að Veiðimálastofnun komi með tillögur um líffræðilega gæðabætti og viðmiðunaraðstæður fyrir ár, árósa og stöðuvötn og Hafrannsóknastofnun fyrir strandsvæði. Vistfræðilegt ástand grunnvatns er ekki metið og því eru ekki skilgreindar viðmiðunaraðstæður fyrir það.

Veiðimálastofnun bendir á að ekki er fjallað um hlutverk Veðurstofu Íslands í ofangreindum verkþætti, þrátt fyrir að hún gegni samræmingarhlutverki um hina ólífrænu (eðlisefnafræði- og vatnsformfræðilegu) gæðabætti á samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun hefur einfaldað textann svipað og lagt er til, m.a. vikið frá orðalagi í þeim tilvikum sem gerður var greinarmunur á viðmiðunaraðstæðum (líffræðilegir gæðabættir) og aðstæðum (ólífrænir gæðabættir) og notar orðið viðmiðunaraðstæður bæði fyrir líffræðilega og ólífræna gæðabætti. Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur breytingu sem einfaldar umfjöllun um efnið. Þetta mun ná til slíkrar notkunar annarsstaðar í áætluninni, m.a. í næsta undirkafla, „Viðmið fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota“.

Veðurstofa Íslands hefur samræmingarhlutverk varðandi gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti ferskvatnshlota. Í nýgerðum samningum Umhverfisstofnunar við rannsóknastofnanir hefur Veðurstofunni auk þess verið falið að annast tillögugerð fyrir vistfræðilegt flokkunarkerfi á ástandi vatnshlota á grundvelli ólífrænna gæðabátta vistkerfisins, þ.e. eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega þátta. Veiðimálastofnun mun hinsvegar annast vistfræðilega ástandsflokkun byggða á líffræðilegum gæðabáttum auk þess að safna saman grunnupplýsingum fyrir þessa vinnu alla. Aftur á móti er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnunin muni annast alla tillögugerð um vistfræðilega flokkun á ástandi strandsjávar bæði á grundvelli líffræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðabátta. Texta um hlutverk stofnana í þessum verklið verður því breytt þessu til samræmis.

Veiðimálastofnun: Á bls. 40 er einnig undirfyrirsögnin: „*Viðmið fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota*“.

Veiðimálastofnun leggur til að fyrirsögn og tilheyrandi texta verði breytt á eftirfarandi hátt til einföldunar:

Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota

Eftir að viðmiðunaraðstæður, aðstæður við mjög gott vistfræðilegt ástand, hafa verið skilgreindar m.t.t. líffræðilegra og ólífrænna gæðabátta þarf að skilgreina á sama hátt viðmið fyrir hina neðri ástandsflokka og mörk á milli þeirra. Þessi viðmið skulu vera í samræmi við skilgreiningu fyrir viðkomandi gæðabátt í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011. Gert er ráð fyrir að Veiðimálastofnun komi með tillögu um viðmið og val gæðabátta fyrir ár, árósa og stöðuvötn en Hafrannsóknastofnun fyrir strandsjó. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í reglugerð nr. 535/2011 skal Umhverfisstofnun leggja fram og kynna tillögu að vistfræðilegri flokkun yfirborðsvatnshlota (gildi fyrir gæðabætti) eigi síðar en 1. janúar 2015.

Umhverfisstofnun mun einfalda textann svipað og lagt er til og samræma betur næsta undirkafla á undan. Tillagan að orðalagsbreytingunni gengur m.a. út á að gera ekki greinarmun á viðmiðunaraðstæðum og aðstæðum þótt það sé gert í vatnatilskipuninni heldur styðjast við orðanotkun í reglugerð nr. 535/2011 þar sem þessi greinarmunur er ekki gerður. Eins og þegar er komið fram fellst stofnunin á það.

Athugasemdir vegna tímaáætlunar verkþátta

Veðurstofan telur að æskilegt hefði verið að flokka og skilgreina þá vinnu sem fagstofnanir eiga að vinna með skýrari hætti í töflu- og textaformi. Telur Veðurstofan að upptalning á áföngum og verkliðum í töflu 1 endurspegli ekki nægjanlega vel þau verkefni sem stofnunin hefur á sínum höndum í dag. Þar má nefna viðmið vegna vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra þátta og verkefni sem tengjast landfræðilegu upplýsingakerfi o.fl. Vísast til verksamninga stofnananna í þessu samhengi. Einnig væri æskilegt að skýra sérstaklega þau skil sem eru hluti af heildarmynd verkefnisins og á að skila áður en verkefni lýkur.

Umhverfisstofnun telur nægja að nefna á hvaða sviði hver þátttakandi í verkefninu vinnur og hvar hans skyldur liggja. Þar er tekið mið af viðkomandi löggjöf. Stofnunin telur áfanga- og verkáætlun ekki vettvang fyrir ítarlega útfærslu verkliða fagstofnana. Umhverfisstofnun gerir verksamninga um ákveðin verkefni við einstaka samstarfsaðila. Nánari útfærsla þeirra og skil á heima í verksamningum stofnananna við Umhverfisstofnun. Í áætluninni er eingöngu ætlunin að skapa rammann utan um heildarverkefnið með helstu verkliðum. Auk þess mótaðist val á verkliðum og áföngum að talsverðu leyti af þeirri framsetningu og þeim tímasetningum sem verkinu eru sett í lögum og reglugerð. Þess vegna er ekki tilefni til að gera grein fyrir verkefnum einstakra fagstofnana í tímaáætluninni í töflu 1. Gerð viðmiða í tímaáætluninni var að finna í verklið 18, einnig fyrir vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti. Í drögunum er aðeins gerð almenn grein fyrir upplýsingakerfinu en ekki sérstaklega framvindu vinnu við gerð hans. Ástæðan er fyrst og fremst sú að upplýsingakerfið er tæki til að vinna að vatnastjórnun og er lítið útfærð í lögum og reglugerðum er snerta stjórn vatnamála.

Veiðimálastofnun: Í ljósi framangreindra athugasemda leggur Veiðimálastofnun til eftirfarandi breytingar á töflu 1. á bls. 34 (sjá rautt letur hér að neðan) :

Veðurstofa Íslands: Samkvæmt verkefnalista í töflu 1., bls. 34, er Veðurstofan með fjögur verkefni á sínum vegum og leggur hún fram eftirfarandi ábendingar viðvíkjandi þremur þeirra: Endurskoða þarf aðra tengda liði til samræmis við þetta, sem dæmi má nefna verkefni 10 og 16.

Verkefni 4. Grunnflokkun og skipting í vatnshlot. Veðurstofan telur tímaramma verkefnisins of þröngan og endurspegli ekki nauðsynlegt ítrunarferli. Lagt er til að vinna verkþáttar sé skráð á allt árið 2012, vinna með hléum verði skráð á allt árið 2012 og einnig á síðasta ársfjórðung 2014. Hafa þarf í huga að nauðsynlegt er að álagsgreiningu sé lokið til þess að hægt sé að ljúka afmörkun og greiningu í vatnshlot.

Liður 7. Lýsing á eiginleikum yfirborðsvatnshlota eftir gerðum. Fram kemur að vinna við verklið 7 skuli hefjast haustið 2011 og ljúka um mitt sumar 2012. Í ljósi þess að samningar og

tilteknir verkþættir hafa dregist leggur Veðimálastofnun til að þessu verði breytt þannig að vinna við þennan verklið hefjist í lok árs 2011 og að fyrstu drögum verði lokið í árslok 2012.

Verkefni 7. Eiginleikalýsing, skipting í gerðir. Veðurstofan telur tímaramma verkefnisins of þröngan og endurspegli ekki nauðsynlegt ítrunarferli. Lagt er til að vinna verkþáttar sé skráð á allt árið 2012, sem og fyrsta ársfjórðung 2013. Vinna með hléum verð skráð á tvo næstu ársfjórðunga til viðbótar á árinu 2013 og á síðasta ársfjórðung 2014.

Verkefni 11. Vatnshlotagrunnur settur upp. Veðurstofan telur tímaramma verkefnisins of þröngan og endurspegli ekki nauðsynlegt ítrunarferli. Lagt er til að vinna með hléum verð skráð á allt árið 2013.

Liður 17. Skilgreining viðmiðunaraðstæðna fyrir mismunandi gerðir yfirborðsvatnhlota.

Fram kemur að vinna við þennan verklið sé talin hefjast í lok árs 2011 og ljúka í árslok 2013. Í ljósi þess að samningar og tilteknir verkþættir hafa dregist leggur Veðimálastofnun til að þessu verði breytt þannig að vinna við þennan verklið hefjist í lok árs 2012 og ljúki vorið 2014.

Liður 18. Skilgreining á vistfræðilegu ástandi fyrir mismunandi ástandsflökka.

Fram kemur að vinna við þennan verklið skuli hefjast síðla árs 2011 og ljúka í árslok 2013. Í ljósi þess að samningar og tilteknir verkþættir hafa dregist leggur Veðimálastofnun til að þessu verði breytt þannig að vinna við þessa verkliði hefjist árið 2013 og ljúki um mitt ár 2014.

Ljóst er að svigrúm til að færa verklok fyrir skilgreiningu á viðmiðunaraðstæðum (nr. 17) og setningu viðmiða fyrir vistfræðilegt ástand mismunandi yfirborðsvatnhlota (nr. 18) aftar er takmarkað þar sem gerð tillögu að vatnaáætlun hvílir m.a. á verklokum þessara verkliða.

Um tillögu um að skrá vinnu með hléum í 5 ársfjórðunga eftir að flokkun í gerðir hefur farið fram (nr. 7) er það að segja að þótt gera megí ráð fyrir því að í stöku tilvikum þurfi að breyta gerðarflokkun vatnshlota eftir að flokkun hefur farið fram er það ekki talið gera tímaáætlunina skýrari að sýna það í töflunni. Sama er að segja um liðinn vatnshlotagrunnur settur upp (nr. 11). Þess verður hinsvegar getið í texta um verkliðina.

Talið er nauðsynlegt að ljúka fyrstu skiptingu vatns í vatnshlot áður en álagsgreiningu þeirra lýkur. Hægt er þó að vinna þessa verkliði samhliða að talsverðu leyti og er gert ráð fyrir því í endanlegri áætlun.

Umhverfisstofnun hefur endurskoðað tímaáætlunina í töflu 1 með tilliti til þessara athugasemda og breytt henni til samræmis eftir því sem talið er vera hægt. Til samræmingar var öðrum verkliðum einnig hnikað til þar sem á þurfti að halda.

Mikilvæg orð og orðasambönd í viðauka III.

Veðurstofan gerir athugasemdir við tvær skilgreiningar.

Magnstaða grunnvatns. Veðurstofan hefur ítrekað reynt að koma á framfæri leiðréttingu vegna þess misskilnings sem felst í skilgreiningu þessa hugtaks sem mælikvarða á áhrif beinnar eða óbeinnar vatnstöku. Lögð er áhersla á að þessi skilgreining verði endurskoðuð hið fyrsta og í framhaldi af því farið í síðari breytingar. ***Magnstaða er mælikvarði á magn grunnvatns í grunnvatnshloti, e.t.v. með viðbótinni miðað við tiltekið náttúrulegt ástand.***

Skilgreining hugtaksins er skv. vatnatilskipun, lögum nr. 36/2011 og rgl. nr. 535/2011. Það er ekki á færi Umhverfisstofnunar að breyta henni en stofnunin beinir athugasemdunum til hlutaðeigandi aðila.

Á eða straumvatn. Á eða straumvatn er ekki skilgreint sem sérstakt vatnshlot sem slíkt í vatnatilskipuninni eða í reglugerð og getur þessi framsetning því verið villandi. Um er að ræða vatn sem rennur að mestu á yfirborði lands.

Skilgreiningin á er tekin úr vatnatilskipuninni og er svohljóðandi: „Landvatnshlot sem rennur að mestu á yfirborði jarðar en getur runnið neðanjarðar í hluta farvegarins“. Augljóslega á nafnið við um vatnshlot. Venjulega er ekki gerður greinarmunur á ám og straumvötnum í íslensku. Umhverfisstofnun fellst þó á að fella burt orðið straumvatn til að taka af allan vafa.

Almennt þarf að fara yfir orðalag þessa kafla. Dæmi um þar sem úrbóta í framsetningu er þörf:

- Vistfræðilegt ástand: Endurskoða þarf framsetningu ... *gæði gerðar og starfsemi vatnavistkerfa ... er illskiljanlegt.*
- Vistfræðilegt gæðahlutfall: Endurskoða framsetninguna ... *Gæðahlutfall í vöktunarkerfi ... er erfitt að skilja.*

Skilgreining hugtakanna í áfanga- og verkáætlun er skv. vatnatilskipun, lögum nr. 36/2011 og rgl. nr. 535/2011. Það er ekki á færi Umhverfisstofnunar að breyta henni en stofnunin beinir athugasemdinni til viðkomandi aðila. Nefna má þó að í fyrra tilvikinu er orðið gerð þýðing á orðinu „structure“ ekki orðinu „type“.

Annað

Aðrar mikilvægar ábendingar

Veðurstofan telur að skýra þurfi nokkur atriði sem koma fram í verkáætluninni og greina nánar frá hvaðan sú afmörkun/greining kemur. Æskilegast væri að skoða þá liði nánar í samráði við þá sérfræðinga sem vinna að framgangi laga um stjórn vatnamála.

Vatnaáætlun. Skýra þarf betur hvað liggur að baki þeim þáttum sem koma eiga fram í vatnaáætlun, sbr. upptalningu á bls. 31. Stofnunum þarf að vera alveg ljóst hvað felst í þessum liðum og hvaða hlutur er hvers og hver afmörkun verkliðar er. Dæmi er liður 4, *Yfirlit og kort yfir sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi og sýnir niðurstöður vöktunaráætlana ...*

Þarna er um að ræða ákvæði í rgl. nr. 535/2011, lítillega umorðað frá þýðingu vatnatilskipunarinnar. Vísað er á umhverfis- og auðlindaráðuneytið varðandi hugsanlegar breytingar á ákvæðum reglugerðarinnar

Vatnshlot, bls. 25. Skýra þarf betur forsendurnar fyrir eftirfarandi: *Gert er ráð fyrir að þar sem það er skynsamlegt verði minni vötnum slegið saman í vatnshlot eða þau sameinuð vatnshlotum nærliggjandi vatnakerfis.*

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að til einföldunar verði umrætt atriði felld brott úr textanum.

Veðurstofa Íslands: Nokkrar efnislegar villur fundust í textanum sem mikilvægt er að bæta úr.
Dæmi:

Grunnflokkun vatns og flokkun í vatnshlot, bls. 35. Fram kemur að skipta skuli ... öllu vatni í vatnshlot ... Ekki í samræmi við stærðarmörk. Þetta þarf að lagfæra.

Athugasemdin er réttmæt og var tekin til greina og atriðinu sleppt á þessum stað. Ítarlegri umfjöllun er um skiptinguna á bls. 25 í drögum, m.a. stærðarmörkin.

Ása Hólmarsdóttir kom með þá ábendingu varðandi skrá yfir hagsmunaðila að það vanti að geta Landsambands hestamannafélaga með útivistarfélögum sem þar eru upptalin.

Landsambandi hestamannafélaga hefur verið bætt við skrána.

Niðurlag

Á grundvelli framkominna athugasemda hefur Umhverfisstofnun yfirfarið og lagað texta og framsetningu áfanga- og verkáætlunarinnar. Meðal þess sem gert hefur verið er þetta:

- Til einföldunar var verkliðurinn „Ný lög um gjaldtöku“ felldur út þar sem hann tengist ekki verkinu beint. Jafnframt var af sömu ástæðu felld brott úr texta tímasetning fyrir gjaldtöku áætlunarinnar.
- Einnig til einföldunar eru stöðuskýrsla og bráðabirgðayfirlit tengd saman þannig að bráðabirgðayfirlitið jafngildi drögum að stöðuskýrslu. Jafnframt er felldur brott verkliðurinn „Stöðuskýrslur til ESA“ þar sem við þurfum ekki að senda inn yfirlitsskýrslur og stöðuskýrsla er ekki yfirlitsskýrsla.
- Hugtakið frumflokkun verður ekki notað en fjallað heldur um þá flokkun sem fyrstu skrefin á þessu tímabili í ástandsflokkuninni.
- Hugtakið umhverfisástand var felld út þar sem það kom fyrir og er nú eingöngu notað orðið ástand og getur það merkt vistfræðilegt ástand, efnafræðilegt ástand eða magnstöðu.
- Lagfæring á villu á bls. 23. Felld brott að gerðarflokkun skv. kerfi B byggi einnig á lýsinum vistsvæði. Þetta gildir aðeins um kerfi A.